

**Nd.**

**366. Frumvarp til laga**

um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveituframkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 millj. króna lán fyrir Akureyrarkaupstað, og allt að 1 millj. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til aukningar rafveitum þessara kaupstaða. Enn fremur allt að 2½ millj. króna lán fyrir rafveitufélagið Tungufoss í Rangárvallasýslu, til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá og rafveitu um Rangárhérað. Ábyrgðir þessar skulu því skilyrði bundnar, að lánin séu tekin inn-  
anlands og að þær nái aldrei til hærri upphæða en sem nemur 80% af stofnkostnaði viðkomandi framkvæmda.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.